

Dimmi-mói





Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.

Til kennara og foreldra

Áður en textinn er lesinn

Kveikið áhuga barnsins á efninu með því að fletta bókinni, skoða myndir og ræða um það sem gæti verið að gerast. Á titilsíðu eru orð ásamt myndum sem gott er að barnið æfi sig í að lesa áður en byrjað er á sögunni.

Á meðan lesið er

Látið barnið lesa æfingaorð á spássíu áður en glímt er við textann. Neðst á hverri síðu eru spurningar um efni sögunnar þar sem reynir á skilning og ályktunarhæfni. Ræðið við barnið um efnið eftir hverja síðu og fáið það til að velta því fyrir sér hvað muni gerast næst.

Eftir lestur textans

Fáið barnið til að segja frá söguþræðinum og draga fram aðalatriði. Ræðið við barnið um upplifun þess á sögunni, t.d. hvað var skemmtilegt, fyndið eða mest spennandi. Rifja má upp nýju orðin í textanum og skoða einnig orð sem ríma, löng orð, skrytín orð eða orð sem merkja það sama.

Dimmi-mói

ISBN 978-9979-0-2686-0

© Kristín Þórunn Kristinsdóttir
© teikningar Árni Jón Gunnarsson
Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir
Yfirllestur og fagleg ráðgjöf: Guðbjörg Rut Þórisdóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson


1. útgáfa 2021
Menntamálastofnun
Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Avenir Roman 16/18 pkt.
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Kristín Þórunn Kristinsdóttir

Dimmi-mói

Árni Jón Gunnarsson teiknaði myndir



vettlingar
vettlingar



hunda-súra
hundasúra



þúfa
þúfa



lukt
lukt



skurður
skurður

sveit-inni
sveitinni

hestar
hestar

langt
langt

1

Gunna er 8 ára. Hún býr í sveit.

Það er gaman að búa í sveit.

Þar eru kindur og kýr.

Þar eru hestar og hænur.

Og líka kisa og hundur.

Í sveitinni eru græn tún.

Í sveitinni eru stór fjöll.

Í sveitinni er líka mói, Dimmi-mói.

Dimmi-mói er langt í burtu.

2

Hvað er mói?

Af hverju ætli móinn heiti Dimmi-mói?



enginn
enginn

vin-kona
vinkona

út-landa
útlanda

ætla
ætla

Gunna situr á rúminu sínu.

Henni leiðist.

Það er enginn heima.

Eva er besta vinkona hennar.

Hún er farin til útlanda.

Emil er líka vinur Gunnu.

Emil er lasinn heima.

Hann getur ekki leikið.

Gunnu leiðist mjög mikið.

Nú vil ég fara út, segir Gunna.

Ég ætla að fara í Dimma-móa.



ú l p u
ú l p u

v e t t l i n g a
v e t t l i n g a

h u n d a - s ú r u r
h u n d a s ú r u r

Gunna fer í góða skó.
Hún fer líka í úlpu.
Hún setur á sig húfu
og fer í vettlinga.
Það er kannski kalt í Dimma-móa.

Gunna er spennt.
Hvað er í Dimma-móa?
hugsar Gunna.
Kannski finn ég hundasúrur?

Kannski sé ég gul blóm
og stórar þúfur?
Í sumum mómum eru margar þúfur.
Gunna er mjög spennt.

Hvað eru hundasúrur?
Hvaða gul blóm þekkir þú?

h o p p a r
h o p p a r

s k u r ð i
s k u r ð i

g a n g a
g a n g a

l e n g i
l e n g i

2

Það er sól og gott veður.
Gunna labbar yfir tún.
Hún hoppar líka yfir skurði.
Það er gaman.

Hún kemur að ósi.
Þar er gömul brú.
Gunna labbar yfir.

Nú er hún búin að ganga lengi.
Sólin er sest.
Það fer að dimma.
Gunna er þínu smeyk.



skrím sli
skrím sli

draugar
draugar

Gunna labbar samt lengra.

Pá sér hún móann.

Hann er dimmur.

– Æi, ég held ég snúi við,

hugsar Gunna.

Hún er mjög smeyk.

Eru kannski engin blóm

í Dimma-móa?

Eru kannski bara draugar

í Dimma-móa?

Kannski púkar og skrím sli?

Hvað er í Dimma-móa?



unga
unga

álfurinn
álfurinn

3

Gunna ætlar að snúa við.
Þá heyrir hún rödd.

Röddin er skær:

– Heil og sæl, unga stúlka.

Á móti Gunnu kemur álfur.

Hann er voða lítill og sætur.

Í rauðum fötum og með bláa húfu.

– Ert þú 8 ára? spyr álfurinn.

Gunna er hissa en svarar:

– Já, ég er 8 ára.



l o k s i n s
loksins

h j á l p a
hjálpa

n o r n i n
nornin

– VEI, JIBBÍ JEI! æpir álfurinn.
Við erum búin að bíða í mörg ár.
Loksins, loksins kemur 8 ára barn
í Dimma-móa.

Gunna skilur ekkert í þessu.

– Þú verður að hjálpa okkur,
segir álfurinn.
Dimma, grimma nornin
setti álög á móann okkar.

Hún gerði móann dimman.
Hér er aldrei bjart.



þrjá
þrjá

kerti
kerti

lampa
lampa

hluti
hluti

– Dimma, grimma nornin

þolir ekki birtu.

Hún vill bara hafa dimmu,
segir álfurinn.

Dimma, grimma nornin faldi þrjá
hluti í móanum: Kerti, lampa og lukt.
Við álfarnir sjáum ekki þessa hluti.

Bara 8 ára barn sér hlutina.

Bara 8 ára barn getur fundið þá.

Bara 8 ára barn getur losað álögin.


Þá kemur birtan aftur.

Vilt þú hjálpa okkur 8 ára barn?

Já, ég skal hjálpa ykkur, segir Gunna.

Hverjum er illa við birtu?

Hvað faldi nornin í móanum?



4

Nú er Gunna spennnt.

Hún leitar að kerti, lampa og lukt.

Hún leitar og leitar.

Gunna sér lampa á mosa.


Hún nær í lampann.

Gunna labbar og labbar.

Nú sér hún kerti undir steini.

Gunna nær í kertið.

Þá er bara luktin eftir.



l o k s i n s
l o k s i n s

b r o s i r
b r o s i r

b i r t i r
b i r t i r

Gunna labbar og labbar
og leitar og leitar í Dimma-móa.
Loksins finnur hún lukt.
Luktin er ofan á þúfu.

Gunna er nú búin að finna
alla þrjá hlutina.
– Hér er kerti, lampi og lukt,
segir hún við álfinn og brosir.

Um leið og hann fær hlutina
birtir til. Dimman fer og sólin skín.

Álfurinn hoppar af kæti.
– Vá, vá! Takk, kæra barn.



5

Það heyrir óp.

Dimma, grimma nornin er reið.

Það kemur þoka.

Dimma, grimma nornin

læðist inn í þokuna.

Hún er farin.

Álfarnir koma og dansa af gleði.

Nú er ekki dimma í Dimma-móa.

Nú er bara ljós og birta í móanum.

Gunna sér gul blóm

og hundasúrur.

Hvað varð um nornina?

Hvað breyttist í Dimma-móa?



hjálpaði
hjálpaði

góð-verk
góðverk

Gunna gengur heim og er glöð.

Þetta var góður dagur.

Hún hjálpaði álfunum.

Hún gerði góðverk.

Það er komin dimma

þegar Gunna kemur heim.

En það er í góðu lagi.

Það er bara komið kvöld.





Dimmi-mói

Gunna er átta ára og býr í sveit.
Í sveitinni hennar Gunnu er mói.
Grimm norn hefur lagt álög
á móann og þar er alltaf dimma.

Á leið sinni í móann hittir Gunna álf.
Álfurinn biður Gunnu um hjálp
við að aflétta álögunum.

En hvernig fer Gunna að því?
Skyldi aftur birta til í Dimma-móa?

Höfundur er Kristín Þórunn Kristinsdóttir
Myndir teiknaði Árni Jón Gunnarsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

40660